
Reykjavík, 17. nóvember 2026
USK26100149

Egilsgata 5 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Lögð fram fyrirspurn Tendru arkitekta, ásamt bréfi, dags. 8. október 2026, um breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 5 við Egilsgötu, þannig að heimilaður hámarksfjöldi bílastæða verði 41 í stað 38.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á xx borgarhluta x og er hluti af íbúðarsvæði/xx


Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Heilsuverndarreit, stgr. 1.193, samþykkt í borgarráði 11.04.2003, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Við vinnslu deiliskipulags fyrir lóðina var unnið samgöngumat þar sem grunnþörf fyrir bílastæði var metin vera 41 stæði. Að teknu tilliti til nálægðar lóðar við góðar almenningssamgöngur var hægt að rökstyðja fækkun bílastæða niður í 38 stæði.




K-1 fyrir breytingu: 25 bílastæði




K-1 eftir breytingu: 27 bílastæði

Reykjavík



1. hæð fyrir breytingu: 13 bílastæði



1. hæð eftir breytingu: 14 bílastæði

Ef bílastæðum í bílakjallara er umraðað fást 3 stæði til viðbótar án þess að byggingarmagn sé aukið. Við þær breytingar verður hægt að uppfylla grunnþörf fyrir bílastæði skv. samgöngumati sem og niðurstöðu samgöngumats um að þar af verði 5 bílastæði merkt hreyfihömluðum.

Niðurstaða

Jákvætt er tekið í fyrirspurn um fjölgun stæða á lóð þar sem hún felst í umröðun bílastæða í bílakjallara þannig að pláss verði fyrir 3 ný stæði án þess að það hafi áhrif á byggingarmagn eða yfirborð lóðar og uppfylli þar með grunnþörf fyrir bílastæði skv. samgöngumati.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri